

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2017, mánudaginn 20. febrúar kl. 9.00 var haldinn 240. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn í Hannesarholti við Grundarstíg. Fundinn sátu: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Áslaug Friðriksdóttir, Kjartan Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir og Valdís Eyjólfsson. Einnig sat fundinn Bjarni Bjarnason, forstjóri og Guðmundur I. Bergþórsson, innri endurskoðandi. Fundarritari var Elín Smáradóttir

Þetta gerðist:

1. Lögð fram fundargerð síðasta fundar stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur nr. 239 Fundargerð staðfest og undirrituð.
2. Fram fer umræða um lykiltölur fjármála. Einnig lögð fram og kynnt áhættuskýrsla, dags. 31. janúar 2017.
Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
3. Lögð fram drög að ársreikningi 2016.
Samþykkt að boða til símafundar þann 7. mars 2017 til að afgreiða reikninginn.
Stjórn samþykkir að óska eftir að fá frá Reykjavíkurborg afrit af skýrslu Summu um ákvörðun ábyrgðargjalds.

Ingvar Stefánsson og Bryndísi Maríu Leifsdóttur, forstöðumaður reikningshalds taka sæti á fundinum undir þessum lið.
4. Lögð fram innkaupastefna Orkuveitu Reykjavíkur og tillaga að breyttu orðalagi stefnunnar.
Samþykkt.

Kenneth Breiðfjörð, forstöðumaður innkaupa- og rekstrarþjónustu, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
5. Fram fer kynning á stöðu stefnuverkefna í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur.

Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
6. Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 16. febrúar 2017.

Hólmfríður Sigurðardóttir umhverfisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
7. Lögð fram að nýju umhverfisskýrsla fyrir árið 2016, sbr. fundargerð 239. funda stjórnar.
Samþykkt.

Hólmfríður Sigurðardóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
8. Lagt fram minnisblað forstjóra um starfsemina milli stjórnarfunda, dags. 17. febrúar 2017.

Bjarni Bjarnason tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
9. Lögð fram svohljóðandi tillaga:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur felur forstjóra að láta fara fram greiningu á lagalegri stöðu hvað varðar takmarkanir á flugi og öðrum samgöngum innan skilgreindra vatnsverndarsvæða. Verði það niðurstaða slíkrar greiningar að lögum eða stjórnsýsluframkvæmd sé ábótavant hvað slíkar samgöngur varðar, þá verði

gerðar tillögur til úrbóta með það fyrir augum að kynna þær fyrir viðeigandi stjórnslustofnunum eða löggjafanum eftir atvikum.

Fundi slitið kl. 12.00

Brynhildur Davíðsdóttir

Áslaug Friðriksdóttir
Kjartan Magnússon
Valdís Eyjólfsdóttir.

Gylfi Magnússon
Sigríður Rut Júlíusdóttir